



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Utanríkismálanefnd
Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður
Alþingi v/Austurvöll
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2018

Tilv.: 1804009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Íslandsstofu, nr. 38/2010, með síðari breytingum (rekstrarform o.fl.)

Þann 10. apríl 2018 var mælt á Alþingi fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 38/2010, um Íslandsstofu, með síðari breytingum.¹ Málið gekk til utanríkismálanefndar þann 10. apríl 2018, sem sendi út alls 16 umsagnabeiðnir þann 12. apríl 2018. Með bréfi þessu vill Samkeppniseftirlitið koma á framfæri athugasemdum við frumvarpið, þótt eftirlitinu hafi ekki verið send umsagnarbeiðni, en í frumvarpinu er mælt fyrir um að samkeppnislög taki ekki til Íslandsstofu.

Samkeppniseftirlitið gerir alvarlegar athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins, þ.e. 2. mgr. 2. gr. laga um Íslandsstofu, eins og lagt er til að hún hljóði samkvæmt frumvarpinu. Þannig er lagt til að ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 gildi ekki um starfsemi Íslandsstofu. Eins og nánar er rakið hér á eftir telur Samkeppniseftirlitið óhjákvæmilegt að frumvarpinu verði breytt að þessu leyti.

1. Tilurð frumvarpsins – undirbúningi ábótavant

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að utanríkisráðherra setti á fót starfshóp sem falið var að skoða heildstætt fyrirkomulag markaðssetninga á Íslandi og íslenskum vörum og þjónustu erlendis meðal annars. Starfshópurinn skilaði ráðherra skýrslunni „Áfram Ísland“ í byrjun árs 2015, og er frumvarpinu ætlað að koma tillögum starfshópsins til framkvæmda eða eftir atvikum skapa forsendur til þess. Í kjölfarið voru drög að frumvarpinu sett á vef Stjórnarráðsins og birt síðar á Samráðsgáttinni til kynningar fyrir almenningi.

Í 1. gr. þess frumvarps sem nú er til umsagnar er lögð til breyting á 2. gr. nógildandi laga. Þar er m.a. gert ráð fyrir að Íslandsstofa verði undanþegin nánar tilteknum lögum, þar á meðal samkeppnislögum. Athygli vekur að hvorki í niðurstöðum og tillögum fyrrnefndrar skýrslu starfshópsins frá 2015 né í frumvarpsdrögum frá 28. ágúst sl. og gögnum sem því

¹ Þingskjal 702 – 492. mál, á 148. löggjafarþingi 2017-2018.



fylgdu er að finna tillögu um að undanþiggja Íslandsstofu frá samkeppnislögum. Er það raunar svo að hvergi í nefndum gögnum er fjallað um samkeppnislög.

Í frumvarpsdrögum frá 28. ágúst 2017, sem eru aðgengileg á vef stjórnarráðsins, kom fram sú tillaga í 5. gr., að starfsemi Íslandsstofu verði „*undanþegin ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, upplýsingalaga nr. 140/2012 og laga um opinber innkaup nr. 120/2016.*“ Í greinargerð með frumvarpsdrögunum er í ítarlegu máli gerð grein fyrir nauðsyn ofangreindar tillögu. Kemur þar m.a. fram á bls. 7:

„Með hliðsjón af þessu og nauðsyn þess að skýra stöðu Íslandsstofu gagnvart stjórnarsýslulögum, upplýsingalögum og lögum um opinber innkaup, er í frumvarpinu tekið af skarið um að starfsemi Íslandsstofu sé undanþegin ákvæðum þessara laga.“

Ekki var lagt til að Íslandsstofa yrði undanþegin samkeppnislögum, en nánar verður vikið að þessum rökstuðningi hér síðar.

Dagana 6. – 13. mars 2018 var til umsagnar á Samráðsgáttinni drög að frumvarpi, dagsett 4. mars 2018, til breytinga á lögum um Íslandsstofu. Í 1. gr. þessara frumvarpsdraga er boðað að Íslandsstofa verði undanþegin samkeppnislögum, en 1. gr. er efnislega samhljóma því frumvarpi sem nú er til meðferðar hjá utanríkismálanefnd.

Í greinargerð með frumvarpsdrögunum er í ítarlegu máli gerð grein fyrir nauðsyn þess að Íslandsstofa verði undanþegin nánar tilteknum lögum, þar á meðal samkeppnislögum. Samkeppniseftirlitið vekur athygli á að rökstuðningurinn um nauðsyn undanþágunnar er sá sami og í frumvarpsdrögunum frá 28. ágúst sl., með smávægilegum breytingum. Kemur m.a. fram á bls. 7:

*„Með hliðsjón af framangreindu og nauðsyn þess að skýra stöðu Íslandsstofu gagnvart stjórnarsýslulögum, upplýsingalögum, lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, **samkeppnislögum** og lögum um opinber innkaup, er í frumvarpinu tekið af skarið um að þau gildi ekki um starfsemi Íslandsstofu.“*
(leturbreyting Samkeppniseftirlitsins)

Er því ljóst að framangreind tillaga um undanþágu frá samkeppnislögum kemur ný inn í frumvarpsdrögin frá 4. mars 2018. Hins vegar er hvorki í greinargerð með frumvarpsdrögunum frá 4. mars 2018 né í því frumvarpi sem hér er til umsagnar fjallað með greinargóðum hætti um umrædda undanþágu frá samkeppnislögum, t.d. ástæður hennar eða nauðsyn. Í umfjöllun um 1. gr. frumvarpsins segir eingöngu:

„Í 2. mgr. ákvæðisins er lagt til að Íslandsstofa verði undanþegin gildissviði stjórnarsýslulaga, upplýsingalaga og laga um opinber innkaup. Í 2. kafla greinargerðarinnar eru raktar röksemdir og forsendur fyrir þessari málsgrein.“

Þann 23. apríl sl. lagði Samkeppniseftirlitið fram umsögn um þau drög að frumvarpi sem kynnt voru á Samráðsgáttinni. Þar gerði Samkeppniseftirlitið alvarlegar athugasemdir við þá ráðagerð að undanþiggja Íslandsstofu samkeppnislögum eins og boðað var í



frumvarpsdrögum. Í því frumvarpi sem hér er til umsagnar hjá utanríkismálanefnd er hvorki tekið tillit til né fjallað um athugasemdir Samkeppniseftirlitsins.

Af framangreindu er ljóst að það var ekki tillaga fyrrgreinds starfshóps utanríkisráðherra að samkeppnislög giltu ekki um Íslandsstofu, líkt og ráða má af athugasemdum við frumvarpið. Þvert á móti er ekkert í niðurstöðum starfshópsins, sem skilaði skýrslunni „Áfram Ísland“ í byrjun árs 2015, sem gefur til kynna að slík lagafyrirmæli séu nauðsynleg. Þá er engan rökstuðning að finna í frumvarpinu fyrir nauðsyn þess að kippa samkeppnislögum úr sambandi að þessu leyti, eða aðrar skýringar á því að þessi viðbót við undanþáguákvæðið rataði inn í frumvarpið við lokavinnslu þess. Er frumvarpið því vanreifað að þessu leyti.

2. Tillaga frumvarpsins vinnur gegn heilbrigðri samkeppni í atvinnurekstri og skaðar framkvæmd laganna

Líkt og áður greinir er í 1. gr. frumvarpsins lögð til breyting á 2. gr. núgildandi laga um Íslandsstofu. Er þannig lagt til að samkeppnislög, auk annarra nánar tiltekinna laga, gildi ekki um starfsemi Íslandsstofu. Líkt og áður greinir er engar skýringar að finna í greinargerð með frumvarpinu um hvað slík undanþága frá samkeppnislögum felur í sér eða hvað liggur henni að baki.

Í 1. gr. frumvarpsins kemur jafnframt fram hvert hlutverk Íslandsstofu skal vera. Kemur þar m.a. fram að hlutverk hennar sé að vera „samstarfsvettvangur atvinnulífs, hagsmunasamtaka, stofnana og stjórnvalda um stefnu og aðgerðir til þess að auka útflutningstekjur og hagvöxt,“ og „að vinna tillögur að langtímastefnumótun atvinnulífs, hagsmunasamtaka, stofnana og stjórnvalda, sbr. a-lið, varðandi markaðssetningu og útflutning á íslenskum vörum, þjónustu og menningu, og að hrinda í framkvæmd langtímastefnumótun“. Þá er gert ráð fyrir því í 2. gr. frumvarpsins að starfrækt skuli útflutnings- og markaðsráð sem eigi að marka, samþykkja og fylgjast með framkvæmd á langtímastefnumótun stjórnvalda og atvinnulífs fyrir markaðssetningu og útflutning. Þá er gert ráð fyrir því að útflutnings- og markaðsráð geti skipað starfshópa um afmörkuð verkefni. Það er því ljóst að gert er ráð fyrir töluverðri þátttöku atvinnulífsins í starfsemi Íslandsstofu þó svo ekki sé fullkomlega ljóst í hverju hún skal fólgin.

Samkeppniseftirlitið bendir hér á að meginreglan er sú að hvers kyns atvinnurekstur fellur undir samkeppnislög. Á þetta við á Íslandi og hafa yfir 120 ríki sett sér samkeppnislög samhliða því að felldur hefur verið niður einkaréttur og sérréttindi á ýmsum sviðum atvinnulífsins í því skyni að koma á og efla samkeppni. Ástæða framangreinds er sá ábati sem virk samkeppni hefur í för með sér. Hún eykur velferð neytenda og stuðlar að hagkvæmni í atvinnulífinu. Samkeppni stuðlar að lægra verði, betri þjónustu, nýsköpun og framförum í atvinnurekstri.² Á sama hátt og ljóst er að samkeppni hefur jákvæð áhrif liggur

² Sjá rit frá Alþjóðabankanum, *View point*, frá september 2012, „Competition Policy“: „Competition drives productivity growth through two key mechanisms: it shifts market share toward more efficient producers, and it induces firms to become more efficient so as to survive. Theoretical and empirical studies provide evidence that product market competition boosts innovation, productivity, and economic growth. Firms facing vigorous competition have strong incentives to reduce their costs, to innovate, and to become more efficient and productive than their rivals. This process motivates firms to offer competitive prices, higher quality, and new and more varied goods and services. Conversely, lack of competition adversely affects productivity.“ Á heimasíðu þeirrar stofnunar Sameinuðu þjóðanna sem hefur með samkeppnismál að gera (UNCTAD) er þýðingu samkeppni lýst með þessum hætti: „Competition and consumer protection can play a direct and important role in promoting economic growth and reducing poverty. Competition stimulates innovation, productivity and competitiveness, contributing to an



fyrir að samkeppnishömlur geta valdið almenningi og atvinnulífinu miklum skaða, sérstaklega hömlur sem stafa af samráði keppnauta.

Yrði ákvæði 1. gr. frumvarpsins að lögum væri Íslandsstofu, sem samtök fyrirtækja, t.d. heimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt samkeppnislögum, sbr. nánar 12. gr. samkeppnislaga. Þá kynni t.a.m. að rísa vafi hvort samráð fyrirtækja á vettvangi Íslandsstofu væri ólöglegt samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga. Með vísan til þessa mælist Samkeppniseftirlitið alfarið gegn því að starfsemi Íslandsstofu verði undanþegin samkeppnislögum.

Sé talin þörf á því að undanþiggja Íslandsstofu ákvæðum samkeppnislaga er vakin athygli á því að löggjafinn hefur þegar markað slíku samstarfi farveg þar sem sérstaklega er kveðið á um það í 15. gr. samkeppnislaga að Samkeppniseftirlitinu sé heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. laganna, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

3. Tillaga frumvarpsins fer í bága við EES-samninginn

Í greinargerð með frumvarpinu er stutt umfjöllun um gildissvið samkeppnislaga, en það er skilgreint í 2. og 3. gr. samkeppnislaga. Í þeirri umfjöllun greinargerðarinnar gætir ákveðins misskilnings um gildissvið samkeppnislaga sem nauðsynlegt er að leiðrétta.

Í greinargerðinni kemur réttilega fram að skv. 1. mgr. 2. gr. samkeppnislaga ná lögin til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum. Þá segir að ákvæði 1. mgr. 3. gr. samkeppnislaga kveði á um að lögin taki til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða ætlað er að hafa áhrif hér á landi, en að skv. 2. mgr. 3. gr. laganna taki þau ekki til samninga, skilmála og athafna sem aðeins er ætlað að hafa áhrif utan Íslands. Í því samhengi segir í greinargerðinni með frumvarpinu að þar sem verkefni Íslandsstofu, skv. a-e lið 1. gr. frumvarpsins, séu þess eðlis að þau hafi aðeins áhrif erlendis nái gildissvið samkeppnislaga ekki til hlutverks Íslandsstofu, sbr. 2. mgr. 3. gr. samkeppnislaga.

Þetta er augljóslega ekki réttur skilningur á gildissviði samkeppnislaga. Ef svo væri, mætti í raun halda því fram að ekki væri þörf á því að undanþiggja Íslandsstofu gildissviði samkeppnislaga með lögum. Svo er hins vegar ekki og verður það nú útskýrt nánar.

Í umfjöllun í greinargerð með frumvarpinu er þess látið ógetið að í 2. mgr. 3. gr. samkeppnislaga segir einnig „[...] sbr. þó ákvæði VII. kafla og reglur um viðskipti á sameiginlegum markaði Evrópska efnahagssvæðisins.“ Er því gagnlegt að tæpa hér á nokkrum atriðum er varða samspil samkeppnislaga nr. 44/2005 og samkeppnisreglna EES-samningsins.

effective business environment. This generates economic growth and employment. It creates possibilities for small and medium sized enterprises, removes barriers that protect entrenched elites and reduces opportunities for corruption. Competition therefore increases a country's attractiveness as a business location, triggering national and foreign investments. Competition also delivers benefits for consumers through lower prices, improved services and greater choice. In this sense, Competition generates total consumer welfare.” (<http://unctad.org/en/Pages/DITC/CompetitionLaw/why-competition-matters.aspx>) Samkeppniseftirlitið bendir hér einnig á rit OECD frá október 2014 (*Factsheet on how competition policy affects macro-economic outcomes*).



Gildandi samkeppnislög voru sett á árinu 2005. Með þeim lögum var íslenskum samkeppnisyfirvöldum og dómstólum veitt heimild og lögð á sú skylda að beita ákvæðum 53. og 54. gr. EES-samningsins fullum fetum. Heimildir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og ESA til að beita ákvæðum 53. og 54. gr. EES-samningsins féllu þó ekki niður. Meginmarkmið þessara breytinga var m.a. að draga úr miðstýrðu samkeppniseftirliti og færa það í auknu máli heim til aðilaríkjanna.³

Í VII. kafla samkeppnislaga er fjallað um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í 1. mgr. 21. gr. samkeppnislaga er lögð sú **skylda** á Samkeppniseftirlitið, áfrýjunarnefnd samkeppnismála og íslenska dómstóla að beita 53. og 54. gr. EES-samningsins eftir því sem kveðið eru á um í lögum, m.a. 25.-28. gr. samkeppnislaga. Í 1. mgr. 3. gr. II. kafla í bókun 4 við ESA-samninginn er lögð sama skylda á hlutaðeigandi stjórnvald.⁴ Ákvæði 53. gr. og 54. gr. EES-samningsins er ætlað að ná til athafna sem geta haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila að EES-samningnum.⁵ Er því ljóst að ákvæði EES-samningsins gilda fullum fetum um starfsemi Íslandsstofu.

Hefur því íslenska ríkið samið um og undirgengst skuldbindingar sem stafa af EES-samningnum og samkvæmt 3. gr. EES-samningsins skulu stjórnvöld auðvelda samvinnu innan ramma EES-samningsins og varast ráðstafanir sem teflt geta því í tvísýnu að markmið EES-samningsins verði náð.

Í ljósi ofangreinds telur Samkeppniseftirlitið að sú ráðagerð að undanþiggja Íslandsstofu samkeppnislögum eins og boðað er í 1. gr. frumvarpsins, og þar með koma í veg fyrir að samkeppnisyfirvöld og dómstólar geti fullnægt skyldum sínum, fari í bága við EES-samninginn.

4. Ganga þarf úr skugga um að frumvarpið fari ekki í bága við ríkisstyrkjareglur

Til viðbótar framangreindu bendir Samkeppniseftirlitið á að skoðunarefni er hvort undanþága 1. gr. frumvarpsins frá gildissviði hinnar nánar tilgreindu laga kunni að einhverju leyti að varða ríkisstyrkjareglur EES-samningsins. Til þess að svo sé þarf að uppfylla þar tilgreind skilyrði; ráðstöfun sé veitt af ríkisfjármunum, hún raski eða sé til þess fallin að raska samkeppni, hún ívilni ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara og hafi áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

Vert er að nefna að hugtakið fyrirtæki, í skilningi ríkisstyrkjareglna EES-samningsins, hefur verið skilgreint sem hver sá aðili eða eining sem stundar efnahagslega starfsemi (e. *economic activity*) óháð lagalegri stöðu og fjármögnunaraðferð. Auk þess gilda reglur um ríkisaðstoð óháð því hvort tilgangur fyrirtækisins sé að skapa hagnað.

Ljóst er að hvers konar ívilnanir geta talist vera ríkisaðstoð, og þegar ívilnanir eru veittar í gegnum skattkerfið þarf ekki að velkjast í vafa hvort skilyrði um að ráðstöfun sé veitt af

³ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna, og reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004, um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja. Báðar þessar reglugerðir voru teknar upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

⁴ Bókun 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitstofnunar og dómstóls (ESA-samningurinn), er efnislega samhljóða reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003, sem bæði var tekin upp í EES-samninginn og innleidd í íslenskan rétt með reglugerð 811/2006.

⁵ Nánari útfærsla við beitingu 53. og 54. gr. kemur fram í bókun 4 við ESA-samninginn, en þar fjallað um hið nána samstarf milli ESA og samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum um beitingu EES-samkeppnisreglna.



ríkisfjármunum sé uppfyllt enda liggur skattlagningarvaldið hjá hinu opinbera. Samkeppniseftirlitið minnir á þá meginreglu EES-samningsins að ríkisaðstoð er talin ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.

Samkeppniseftirlitið telur það einnig umhugsunarvert að Íslandsstofa verði, skv. 1. gr. frumvarpsins, undanþegin stjórnarsýslulögum. Þá myndu til að mynda hæfisreglur stjórnarsýslulaga ekki gilda um Íslandsstofu, en höfuðmarkmið þeirra er að stuðla að málefnaleg sjónarmið búi að baki ákvörðunartöku. Er þeim því ætlað að draga úr hagsmunaárekstrum og tryggja óhlutdrægni.⁶

5. Niðurlag

Af ofangreindu er ljóst að Samkeppniseftirlitið gerir alvarlegar athugasemdir við þá ráðagerð að undanþiggja Íslandsstofu samkeppnislögum eins og boðað er í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar. Samandregið eru athugasemdir Samkeppniseftirlitsins í meginatriðum:

- að 1. gr. frumvarpsins komi í veg fyrir að samkeppnisyfirvöld og dómstólar geti fullnægt skyldum sínum, og fari í bága við EES-samninginn.
- að óþarft sé að veita Íslandsstofu undanþágu frá samkeppnislögum með sérstakri lagaheimild, enda hefur löggjafinn markað slíku samstarfi farveg í 15. gr. núgildandi samkeppnislaga.
- að skoðunarefni sé hvort undanþága 1. gr. frumvarpsins frá gildissviði nánar tilgreindu laga kunni að varða ríkisstyrkjareglur EES-samningsins.

Hvetur Samkeppniseftirlitið að frumvarpinu verði breytt, a.m.k. að þessu leyti.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Haukur Guðmundsson

Fylgigögn:

- 1) Umsögn Samkeppniseftirlitsins frá 23. apríl 2018.

⁶ Fyrir nánari umfjöllun vísast m.a. í Pál Hreinsson, *Stjórnarsýsluréttur – málsmeðferð*, kafli. 11.



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Utanríkisráðuneytið
Rauðarástíg 25
150 Reykjavík

Reykjavík, 23.03.2018
Tilv.: 1803016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Íslandsstofu.

Athygli Samkeppniseftirlitsins hefur verið vakin á því að dagana 6.-13. mars sl. var til umsagnar á Samráðsgátt stjórnarráðsins frumvarp til laga um breytingu á lögum um Íslandsstofu. Á þessu stigi vill Samkeppniseftirlitið koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna frumvarpsins.

Í 1. gr. laganna er lögð til breyting á 2. gr. núgildandi laga. Þar er m.a. gert ráð fyrir að Íslandsstofa verði undanþegin nánar tilteknum lögum, þar á meðal samkeppnislögum nr. 44/2005. Yrði ákvæðið að lögum væri Íslandsstofu t.d. heimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt samkeppnislögum, sbr. nánar 12. gr. samkeppnislaga. Þá kynni t.a.m. að rísa vafi um hvort samráð fyrirtækja á vettvangi Íslandsstofu, væri ólögmætt samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga.

Í greinargerð með frumvarpinu eru færð fyrir því rök að gildissvið samkeppnislaga nái ekki til Íslandsstofu, þar sem starfsemi þess taki ekki til samninga, skilmála eða athafna sem ætlað er að hafa áhrif hér á landi. Sé það réttur skilningur er ljóst að ekki er þörf á að undanþiggja Íslandsstofu gildissviði laganna. Þess er hins vegar látið ógetið í greinargerðinni að í VII. kafla samkeppnislaga er kveðið á um framkvæmd samkeppnisreglna samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt 21. gr. laganna skulu Samkeppniseftirlitið, áfrýjunarnefnd samkeppnismála og íslenskir dómstólar beita 53. og 54. gr. EES-samningsins.

Sé talin þörf á því að undanþiggja Íslandsstofu ákvæðum samkeppnislaga er vakin athygli á því að löggjafinn hefur þegar markað slíku samstarfi farveg þar sem sérstaklega er kveðið á um það í 15. gr. samkeppnislaga að Samkeppniseftirlitinu sé heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. laganna, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Til viðbótar framangreindu bendir Samkeppniseftirlitið á að skoðunarefni er hvort undanþága 1. gr. frumvarpsins frá gildissviði hinnar nánar tilgreindu laga kunni að einhverju leyti að varða ríkisstyrkjareglur EES-samningsins.



Samkeppni í viðskiptum eykur velferð neytenda og stuðlar að hagkvæmni í atvinnulífinu. Hún stuðlar að lægra verði, betri þjónustu, nýsköpun og framförum í atvinnurekstri. Á sama hátt og ljóst er að samkeppni hefur jákvæð áhrif liggur fyrir að samkeppnishömlur geta valdið almenningi og atvinnulífinu miklum skaða, sérstaklega hömlur sem stafa af samráði keppinauta. Með hliðsjón af framangreindu verður að gera alvarlega athugasemd við þá ráðagerð að undanþiggja Íslandsstofu samkeppnislögum eins og boðað er í frumvarpsdrögum. Samkeppniseftirlitið áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari sjónarmiðum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Haukur Guðmundsson